

Taðmál á höfuðborgarsvæðinu

Almennt

Hestamennska er vinsælt áhugamál fólks á öllum aldri sem allt í senn býður upp íþróttaiðkun, holla útiveru, hreyfingu og tengsl við náttúruna ásamt félagslegum tengslum og samveru við menn og dýr. Hestamannafélög, ásamt tilheyrandi félagssvæðum og hesthúsum, eru rekin innan allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og eru hluti af samfélagi þeirra.

Tað er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að halda hross á húsi og þeirri afurð þarf að koma með ábyrgum og tryggum hætti í viðeigandi nýtingarfarvegi – en um er að ræða ódýran og góðan valkost til hverskonar uppgræðslu og jarðvegsbætingar. Þ.e.a.s. mikilvægt er að taðið sé nýtti umhverfinu til hagsbóta í stað þess að það sé sent til hreinnar förgunar.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við hestamannafélög, hafa staðið að þessum málum með mismunandi hætti sem lýst er í stuttu máli hér á eftir

Reykjavíkurborg og Hestamannafélagið Fákur

Tað frá félagssvæði Fáks í Reykjavík er nýtt til landmótunar og jarðvegsbætingar á svæði væntanlegs kirkjugarðs við Úlfarsfell. Þar er einnig tekið við mold frá öðrum uppbyggingarsvæðum í borginni og taðinu blandað saman við moldina áður en jarðveginum er jafnað út.

Mosfellsbær og Hestamannafélagið Hörður

Taði frá félagssvæði Harðar í Mosfellsbæ er flutt á móttökustaði á bújörðum bænda í nágrenninu þar sem bændurnir nýta það innan bújarða til áburðargjafar og uppgræðslu.

Hafnarfjarðarbær og Hestamannafélagið Sörli

Hafnarfjarðarbær hefur leyst taðmálin með sínu hestamannafélagi og er mjög skýr í sinni afstöðu til þess, eins og sést í bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar nr.2501060 – *Hrossatað dreifing*:

Vegna fréttu um að hrossatað sé flokkað sem úrgangs- eða spilliefni á það ekki við um hrossatað komið frá hrossum í Hafnarfirði. Hafnfirðingar líta á hrossatað sem lífrænan, náttúrulegan og uppgræðandi úrgang sem hefur verið nýttur sem áburður frá örófi alda. Hafnarfjarðarbær og Hestamannafélagið Sörli hafa um langt árabíl átt í góðri samvinnu með að nýta hrossataðið til uppgræðslu í landi Hafnarfjarðar, engin breyting er fyrirhuguð í þeim efnum.

Garðabær, Kópavogur og Hestamannafélagið Sprettur

Taðmál Kópavogs, Garðabæjar og hestamannafélagsins Sprettis eru enn óleyst.

Sprettur hefur útbúið greinargerð sem inniheldur tillögur um nýtingu taðs frá félagssvæðinu til uppfyllingar, uppgræðslu og annarra góðra verka innan beggja bæjarfélaga. Greinargerðin hefur verið send umhverfissviðum beggja aðila til rýni og óskað eftir fundum og umfjöllun um málefnið hjá báðum sveitarfélögum.

Garðabær

Haldnir hafa verið tveir góðir fundir með fulltrúum Garðabæjar um taðmálin. Garðabær hefur m.a. viðrað við Sprett þann möguleika að blanda hrossataði við jarðveg á Rjúpnahæð þar sem verið er að móta svæði fyrir nýjan kirkjugarð. Jákvaett er einnig tekið í tillögur um nýtingu á öðrum svæðum innan marka Garðabæjar þegar svæðið á Rjúpnahæð er fullnýtt.

Fullur vilji er hjá Garðabæ til þess að finna sameiginlegar lausnir með Kópavogsbæ fyrir félagssvæði Sprettis í heild en skv. umsögn Guðbjargar Brár Gísladóttur, sviðsstjóra Umhverfissviðs Garðabæjar, mun Garðabær þó setja þær takmarkanir á leyfi til losunar á Rjúpnahæð og á öðrum svæðum, að ef Kópavogur komi ekki að sama skapi fram með sambærilegar lausnir til að nýta í framhaldi, eða samhliða, þá verði losun hrossataðs eingöngu í boði fyrir hesthús á þeim hluta félagssvæðis Sprettis sem tilheyrir landsvæði Garðabæjar.

Leyfi til losunar taðs á kirkjugarðssvæðinu er jafnframt háð samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar.

Kópavogur

Fulltrúi umhverfissviðs Kópavogs kom á sameiginlegan fund með Spretti, starfsmönnum umhverfissviðs Garðabæjar og Heilbrigðiseftirlitsins, og hrósaði framlögðum tillögum Sprets um nýtingu taðsins til uppgræðslu og landmótunar innan sveitarfélaganna.

Eftir það hafa þau svör þó ein fengist frá starfsfólki umhverfissviðs Kópavogs að þau neita Spretti um fundi varðandi málefnið og „finna ekki tíma“ til þess að skoða málið sín megin. Borist hefur það svar eitt að málefnið þurfi að fara fyrir skipulags- og umhverfisráð sem ekki getur tekið málið til umfjöllunar fyrr en í maí.

Heilbrigðiseftirlitið

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað tillögur Sprets um nýtingu taðsins og er afstaða þeirra skýr þegar eftir henni var óskað:

„Því miður hef ég ekki haft tök á að setja eitthvað á blað varðandi þessi mál vegna anna. En við reynum að komast í það. Afstaða okkar er samt óbreytt, við tökum vel í allar þessar tillögur ef þær eru framkvæmdar í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar og fyrir þeim sé framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags. Síðan er formlegi þátturinn sem þarf að skoða t.d. þurfum við að gefa út starfsleyfi fyrir millilager o.s.frv.

En við erum til í að koma með á fund með fulltrúum Kópavogs, þegar hentar.“

Sorpa

Núna þegar vorar eru allar taðgeymslur í Spretti eru að verða fullar er eina löglega lausnin fyrir Spretsfélaga að fara með taðið í Sorpu þar sem greiða þarf 26 kr. á kílóíð fyrir að því sé „fargað“. Þetta samsvarar því að eins vörubíls farmur sem áður kostaði um 50.000 kr. að losa getur kostað vel yfir 500.000 kr. að losa sig við hjá Sorpu.

Sprettur leggur áherslu á að losun taðs á þessum kjörum hjá Sorpu er óásættanleg lausn á taðmálum félagsins og mun verða þess valdandi að fjöldi fólks, sérstaklega ungt fólk og fjölskyldur, mun ekki sjá sér fært að stunda sitt áhugamál og sína íþrótt á félagsvæðinu áfram.

Lokaorð

Þessi greinargerð er skrifuð til að leggja á það áherslu við starfsfólk umhverfissviðs Kópavogs að málið er grafalvarlegt og nauðsynlegt er að það fái forgang í meðhöndlun hjá Kópavogsbæ. Þá verður þessi vandi ekki heldur leystur með því að starfsfólk bæjarins neiti að ræða hann eða slái því á frest.

Öll önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa nú þegar leyst sín taðmál á farsælan hátt fyrir sín hestamannafélög og Garðabær er einnig með sinn hluta lausnarinnar í sjónmáli.